

# Húsbílabragur

*eftir Gunnar Rögnvaldsson Skagafirði*

*Lag: Tvær úr tungunum.*

Er sólin hækkar himni á  
og hiti á veðurstöð Úti  
á vegum oft má sjá í  
einni langri röð. Flota  
mikinn fara um sem  
feikna skipalest.  
En svona að eyða sumrunum finnst  
sumum allra best.

Það eru Flakkarar á ferðalagi  
fjölmennir á svæðunum.  
Sinna vel um sína hagi  
sólbrún undir klæðunum. Á  
grillið setja gráa lambið  
ganga bíl úr bíl. Kótiletur  
kaffiþambið hver með eigin  
stíl.

Bílaflotinn flottur er svo  
fjarska gljáandi. En grúski  
einhver glöggur þar er geysi  
sláandi. Að tegundirnar telja  
má í tugum eða svo. Og  
sumir hafa soðið þá saman  
tvo og tvo.

Þar eru Fíatar og Fordarar  
og fólksvagnar og  
pikkupar. Heimasmíðuð  
húshygni hallir kot og  
meðalfar. Símvagn frá  
Sauðárkróki sjúkrabíll úr  
Kjós. Og eigendurnir allir  
vilja auðvitað fá hrós.

Að nefna bílinn nauðsyn er  
og nálgast athöfn sú. Er  
móðir litla barnið ber til  
blessunar í trú. Ýmsir bera  
bæjarnöfn eða bara  
eitthvert grín. Fugla blóm

og heimahöfn er hefðin  
prýðisfín.

Þar eru

Gammurinn og geirfuglinn  
og gölturinn og hamsturinn.

Flórgoðinn og forsetinn og  
frelsarinn og presturinn.

Lýsingur og léttfeti og  
langhundur og Snar. Sóley,  
Fjóla, Fífill, Smári í förum  
allstaðar.

Að lulla svona landið um  
er lífstíll ágætur.

Og vandi út á vegunum  
virðist fágætur. Að vísu

Dodda í Dæli brá á  
dráttarvélinni. Er áttatíu  
á eftir sá æki í þokunni.

Það eru Flakkarar á ferð um landið  
fundu stæði hér í kvöld. Settust  
inn með bús og blandið bíða  
þeirra veisluhöld.

Á eftir Bassi leikur meðan liðið hefur þrótt og þetta  
verður geðveikt grúví gilli fram á nótt. Og þetta  
verður geðveikt grúví gilli fram á rauða nótt.

*Gunnar Rögnvaldsson staðarhaldari á Löngumýri og  
Jón Hallur Ingólfsson bankamaður í KB banka fluttu  
braginn í lokahófi Stóru ferðar Flakkara 2009.*